

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 141/1996.

Landsbanki Íslands

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Vélum og þjónustu hf.

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

Hlutfélag. Prókúruumboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Páll Sigurðsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 779.234,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1990 til greiðsludags að frádregnum 200.000 krónum, sem greiddust inn á kröfuna 15. og 21. maí 1992, að helmingi hvorn dag. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt Pétri Óla Péturssyni til réttargæslu fyrir Hæstarétti. Hann hefur ekki látið málið til sín taka.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á skuldabréfi, út gefnu til handhafa 1. mars 1990 af Íshúsfélagi Bolungarvíkur hf., sem hann kveður vera tryggt með sjálfskuldarábyrgð stefnda samkvæmt yfirlýsingu á bréfinu, sem undirrituð sé af Pétri Óla Péturssyni „pr. pr. Vélur og þjónusta hf“. Stefndi mótmælir ekki, að nefndur maður hafi verið framkvæmdastjóri félagsins og haft prókúruumboð fyrir það á þeim tíma, sem hér um ræðir. Stefndi telur hins vegar, að umboð prókúruhafans hafi ekki náð til þess að baka félaginu skuldbindingu sem þessa, hvorki samkvæmt samþykktum félagsins né lögum, enda hafi ráðstöfunin ekki tengst tilgangi félagsins, eins og greint hafi verið frá honum í tilkynningum til Hlutfélagaskrár.

Í 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð er meginregla um efni prókúruumboðs, þar sem segir, að umboðsmaður hafi vald fyrir umbjóðanda til að annast allt það, sem snertir rekstur atvinnu hans. Í tilkynningu til Hlutfélagaskrár 18.

desember 1975 um stofnun Véla og þjónustu hf. segir, að tilgangur félagsins sé að annast innflutning og umboðssölu á notuðum vélum og tækjum auk þess að reka vinnuvélar og verkstæði. Í nýjum samþykktum félagsins frá 29. desember 1985, sem voru afhentar Hluta-félagaskrá 4. febrúar 1986, er tilgangi þess lýst á sama veg, en því aukið við, að félagið hefði með höndum rekstur fasteigna og lána-starfsemi. Eins og tilgangi félagsins er hér lýst, hafði viðtakandi skuldabréfsins ekki ástæðu til annars en mega treysta því, að prókúruhafi stefnda hafi stofnað til umræddrar sjálfskuldarábyrgðar sem þátt í rekstri atvinnu stefnda. Ekki verður séð, að atvik hafi hér að öðru leyti verið slík, að þau hafi gefið viðsemjanda stefnda sérstakt tilefni til að gæta að því, hvort ráðstöfun prókúruhafans væri tilhlýðileg gagnvart stefnda, sbr. 1. mgr. 60. gr. þágildandi laga nr. 32/1978 um hlutafélög. Þá verður ekki heldur fallist á það með stefnda, þegar litið er til 31. gr., sbr. 25. gr. og 26. gr. laga nr. 42/1903, að ákvæði í samþykktum hans skerði umboð prókúruhafans, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að áfrýjanda hafi mátt vera kunnugt um neinar takmarkanir á umboðinu.

Samkvæmt þessu verður stefndi talinn bundinn gagnvart áfrýjanda af yfirlýsingu prókúruhafa síns um sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu, sem um ræðir í málinu. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina, þar á meðal um málskostnað, sem stefndi verður dæmdur til að greiða í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og ákveðið er í einu lagi í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vélar og þjónusta hf., greiði áfrýjanda, Landsbanka Íslands, 779.234,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1990 til greiðsludags að frádreginni greiðslu á 200.000 krónum upp í kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi innborgana 15. og 21. maí 1992.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. febrúar 1996.

Mál þetta var dómtekið 1. febrúar 1996 að loknum munnlegum málflutningi.

Upphaflegur stefnandi málsins var Lind hf., kt. 610886-1679, Lágmúla 6, Reykjavík, en 19. október 1995 varð sú breyting á sóknaraðild, að Landsbanki Íslands, kt. 710169-3819, Reykjavík, tók við kröfunni.

Málið er upphaflega höfðað gegn hlutafélaginu Einari Guðfinnssyni, kt. 660169-1489, Hafnargötu 90-96, Bolungarvík, vegna Íshúsfélags Bolungarvíkur, kt. 660169-1489, Bolungarvík, og vegna Baldurs hf., kt. 440169-3419, Bolungarvík. Á hluthafafundi í Íshúsfélagi Bolungarvíkur hf. 29. desember 1990 var gerð sú breyting á samþykktum félagsins, að nafni þess var breytt í Einar Guðfinnsson hf. Á hluthafafundum, sem haldnir voru 2. maí 1991 í Baldri hf., Völusteini hf. og Einari Guðfinnssyni hf. í Bolungarvík, voru félögin sameinuð í eitt félag undir nafninu Einar Guðfinnsson hf., og skyldu samþykktir Einars Guðfinnssonar hf. gilda um hið sameinaða félag og Einar Guðfinnsson hf. taka við öllum réttindum og skyldum félaganna frá og með 1. janúar 1991. Bú Einars Guðfinnssonar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 15. febrúar 1993, og breyttist aðildin í samræmi við það. Þrotabúið hefur ekki sótt þing í málinu.

Einnig er stefnt Vélum og Þjónustu hf., kt. 591275-0389, Járnhálsi 2, Reykjavík.

Enn fremur er Péttri Óla Péturssyni, Kleppsvegi 58, Reykjavík, stefnt til réttargæslu, og var réttargæslustefna birt honum 13. mars 1993.

Mál þetta var upphaflega höfðað með stefnu, þingfestri 22. október 1992. Dómur var kveðinn upp í héraði 27. janúar 1994, og var honum áfrýjað til Hæstaréttar. Hinn 6. júní 1995 felldi Hæstiréttur héraðsdóminn úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísaði málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Ástæða heimvísunarinnar var sú, að dómurinn hafði verið kveðinn upp af fulltrúa við dómstólinn. Var dómsorð Hæstaréttar skilið þannig, að einungis þingfesting stefnu teldist lögmæt dómsathöfn í málinu, og hefur meðferð málsins eftir heimvísun verið í samræmi við þá túlkun.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 779.234,50 kr. með 23% dráttarvöxtum frá 1. júní 1990 til greiðsludags, þannig að dráttarvextir taki breytingu skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Löggarðs hf. og dráttarvaxta af honum, allt að frádregnum 100.000 kr., sem greiddar voru 15. maí 1992, og 100.000 kr., sem greiddar voru 21. maí 1992.

Af hálfu stefnda Véla og Þjónustu hf. er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Ekki er sótt þing af hálfu stefnda þb. Einars Guðfinnssonar hf., og engar kröfur hafa komið fram af hans hálfu.

Engar kröfur er gerðar á hendur réttargæslustefnda og engar kröfur gerðar af hans hálfu. Réttargæslustefndi krefst þess, að honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr hendi stefnda. Hann hefur sótt þing og lagt fram greinargerð, en vék úr rétti við aðalflutning málsins, áður en munnlegur málflutningur hófst.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt skuldabréfi, útg. 1. mars 1990 af Íshúsfélagi Bolungarvíkur hf. til handhafa, upphaflega að fjárhæð 800.000 kr. Lán þetta hafi borið að endurgreiða með fjórum afborgunum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. júní 1990. Sjálfskuldarábyrgðaraðilar séu Baldur hf., Vélar og þjónusta hf. og Ísbor hf. Fyrirtækið Ísbor hf., kt. 700986-1959, hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 23. október 1991. Skuldabréfið sé í vanskilum frá upphafi. Hinn 15. maí 1992 hafi verið greiddar 100.000 kr. inn á skuldina og 100.000 kr. 21. maí 1992. Þá hafi dómkrafan verið lækkuð um 56.539 kr., sem nemi þeim 5%, er greiðst hafi upp í almennar kröfur í þrotabú Ísbors hf. Greiðslukröfum hafi ekki verið sinnt að öðru leyti.

Stefnandi kveður stefnuþjárhæð sundurliðast þannig:

Höfuðstóll	kr. 800.000,00
Samningsvextir	– 35.773,30

allt að frádregnum framangreindum fjárhæðum.

Við munnlegan málflutning var málavöxtum og málsástæðum lýst frekar. Kvað lögmaður stefnanda upphaf málsins vera það, að Ísbor hf. hefði tekið þrjár bifreiðar á leigu af fjármögnunarleigufyrirtækinu Lind hf. 8. apríl 1987. Í tengslum við það hafi verið gefinn út tryggingarvixill, að fjárhæð 1.510.000 kr., samþykkjandi Ísbor hf. og útgefandi Vélar og þjónusta hf., og hafi réttargæslustefndi, Pétur Pétursson, skrifað undir fyrir hönd beggja þessara aðila. Vanskil hafi orðið og komið til uppgjors, og sé skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, hluti af því uppgjori. Pétur Pétursson pr. pr. Vélar og þjónusta hf. undirriti skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Stefnandi kveðst miða við það, að Pétur Óli Pétursson hafi haft umboð til að skuldbinda félagið Vélar og þjónustu hf. með þessum hætti. Hann hafi verið framkvæmdastjóri þess og farið með daglegan rekstur félagsins, og undir það hafi þessi sjálfskuldarábyrgðarskuldbinding fallið. Þá hafi hann haft prókúruumboð samkvæmt lögum nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Samkvæmt 25. gr. þeirra laga hafi prókúruhafi heimild

til alls nema veðsetningar samkvæmt 2. ml. 25. gr. Jafnvel hafi Hæstiréttur litið svo á, að heimild til veðsetningar felist í prókúruumboði, sbr. 2. mgr. 14. gr. og 25. gr. sömu laga, sbr. Hrd. 1991, 1155. Rétt sé, að samkvæmt samþykktum félagsins riti tveir menn firmað, en firmahafi geti framselt umboð sitt með því að veita prókúru. Enn fremur styðji það þá fullyrðingu, að Pétur Óli hafi haft fullnægjandi umboð, að félagið hafi breytt tilgangi sínum og víkkað hann í að taka enn fremur til „reksturs fasteigna og lánastarfsemi“. Þá miðar stefnandi enn fremur við það, að með dómi frá 15. júní 1995 hafi Hæstiréttur kveðið á um það, að þriðji maður eigi að mega treysta því, að framkvæmdastjóri félags hafi umboð þess. Sé tilgangurinn sá að tryggja eðlileg viðskipti. Fari framkvæmdastjóri hins vegar út fyrir það umboð, sem hann í raun hafi, geti hann orðið skaðabótaskyldur gagnvart félaginu. Nái þetta þó ekki til veðsetninga.

Mál þetta sé höfðað samkvæmt lögum nr. 91/1991, sbr. og ákvæði skuldabréfsins, og um málskostnað sé vísað til 31. gr. sömu laga. Um vexti sé vísað til laga nr. 25/1987.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnda Véla og þjónustu hf.

Stefndi Vélar og þjónusta hf. lagði áherslu á það við munnlegan málflutning, að gerð fjármögnunarleigusamnings Ísbors hf. og Lindar hf. og tryggingarvixill, sem út gefinn hafi verið í tengslum við hann, séu þessu máli óviðkomandi, og var framlagningu þessara skjala mótmælt í greinargerð. Kveður hann stefnanda eiga við ætlaða sjálfskuldarábyrgð hlutafélagsins Véla og þjónustu á skuldabréfi, að fjárhæð 800.000 kr., út gefnu til handhafa 1. mars 1990 af Íshúsfélagi Bolungarvíkur hf., en sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfinu telji stefnandi vera Baldur hf., Ísbor hf. og stefnda Vélar og þjónustu hf.

Á bréfið hafi, að því er stefnda Vélar og þjónustu hf. varðar, verið rituð illlæsilega orðin pr. pr. Vélar og þjónusta hf. og síðan nafnritun, sem líklega sé Pétur Óli Pétursson.

Stefndi telur, að félagið sé óskuldbundið af hinni ætluðu sjálfskuldarábyrgð, enda hafi þurft undirskrift tveggja stjórnarmanna til að skuldbinda félagið skv. 16. gr. samþykktta þess, samanber og 7. tl., stafliði a og b, á tilkynningu til Hutafélagaskrár, dagsettri 18. desember 1975.

Pétur Óli Pétursson hafi á þessum tíma verið einn stjórnarmanna félagsins og jafnframt framkvæmdastjóri þess. Um stöðuumboð hans sé mælt í 18. gr. samþykktta félagsins, en þar segi, að hann hafi með höndum stjórn á daglegum rekstri og komi fram fyrir hönd félagsins í öllum málum, sem varði venjulegan rekstur. Þá segi þar, að framkvæmdastjóri skuli sjá um reikningshald og ráðningu annars starfsfólks og uppsagnir.

Pétur Óli hafi á þessum tíma jafnframt haft prókúruumboð fyrir félagið, en slíkt umboð nái einungis til þeirrar starfsemi félagsins, sem tengist á eðlilegan hátt þeim yfirlýsta starfsvettvangi firma, sem fram komi í tilkynningu til Hlutafélagaskrár. Þar sé tilgangur félagsins sagður vera „að annast innflutning ásamt umboðssölu á notuðum vélum og tækjum, einnig rekstur vinnuvéla og verkstæðisrekstur“. Sé þetta í fullu samræmi við þann tilgang, sem greindur sé í stofnsamningi og samþykktum félagsins, en í síðasttalda skjalinu sé raunar til viðbótar talað um rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Þá er því haldið fram af stefnda, að sú athöfn að taka sjálfskuldarábyrgð á skuld Íshúsfélags Bolungarvíkur hf. við handhafa í nafni Véla og þjónustu hf. fullnægi ekki framangreindu skilyrði og falli utan ramma stöðuumboðs framkvæmdastjórans og prókúruumboðs hans, enda hafi ekki verið um að ræða skuldbindingu til að afla féluginu nauðsynja til daglegs reksturs eða lagerhalds. Til að skuldbinda félagið með þessum hætti hafi a. m. k. þurft samþykki félagsstjórnar og undirritun tveggja stjórnarmanna. Ljóst sé því, að viðkomandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa hafi skort heimild til að skuldbinda félagið með þessum hætti.

Þá hafi hin umdeilda yfirlýsing verið gefin án samráðs og vitundar stjórnar félagsins og fyrirsvarsmönnum þess ekki borist vitneskja um gjörðina, fyrr en innheimtuaðgerðum vegna kröfunnar hafi verið beint að stefnda með greiðsluáskorun, dagsettri 29. júlí 1992, sbr. svarbréf lögmanns stefnda, dagsett 10. ágúst 1992.

Stefndi bendir á það, að kröfuhafi, sem sé fjármálastofnun, hljóti að teljast hafa sýnt mikið gáleysi, hafi hann treyst því í þeim viðskiptum, sem bréfið sé sprottið af, að ætlaðir sjálfskuldarábyrgðaraðilar yrðu skuldbundnir af undirritun samkvæmt prókúruumboði. Sami maður og undirriti sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu stefnda, undirriti einnig sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu pr. pr. Ísbors hf., en hafi hvorki haft prókúruumboð fyrir það félag né umboð framkvæmdastjóra.

Stefnandi geti því ekki vísað til réttarreglna um viðskiptabréf og mótbárumissi, enda beri hið umstefnda skuldabréf ágalla sína með sér með tililiti til almennra og sértækra reglna um takmörkun heimilda samkvæmt stöðuumboði og um prókúruumboð, samanber það, sem rakið hafi verið hér að framan um það efni, sem og í ljósi þess, að fyrir hafi legið aðgengi-
legar opinberar upplýsingar um heimildir Péturs Óla Péturssonar.

Stefndi bendir á, að umboðsskortur og aðildarskortur sinn svo og önnur atvik leiði til þess, að sýkna beri sig af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma sér málskostnað úr hendi stefnanda. Málsókn þessi sé ófyrirsynju, enda hafi stefnanda þegar verið tilkynnt bréflega um afstöðu stefnda

og lagarök, þegar er innheimtuaðgerðir hófust og stefnda varð krafan kunn.

Um lagarök fái í sjálfu sér allar varnir komist að, hvort sem þær lúti að formi, efni eða öðru, enda sé málið samkvæmt málatilbúnaði stefnanda rekið, að því er virðist, sem almennt skuldamál án sérstakrar tilvísunar til 17. kafla laga nr. 91/1991.

Varnir stefnda lúti að skuldbindingargildi ætlaðrar sjálfskuldarábyrgðarfir lýsingar svo og öðrum atvikum, sem rakin hafi verið. Vísað er til ákvæða laga nr. 91/1991 og um málskostnað sérstaklega til XXI. kafla laganna. Einnig vísist til almennra reglna samningaréttar um umboð og ákvæða laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, einkum 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna, einnig til 32. gr. laganna. Þá er vísað til laga nr. 42/1903, 2. mgr. 14. gr., sbr. og 25. gr.

Málsástæður og lagarök réttargæslustefnda.

Réttargæslustefndi bendir á, að í greinargerð stefnda Véla og þjónustu hf. komi fram, að réttargæslustefnda hafi skort umboð til að ganga í sjálfskuldarábyrgð vegna Véla og þjónustu hf. á skuldabréfi því, sem málið sé höfðað út af. Af þessum sökum hafi stefnandi málsins stefnt Péttri Óla sem réttargæslustefnda í málinu. Þessum staðhæfingum Véla og þjónustu hf. sé mótmælt sem allsendis ósönnuðum og röngum, þar sem þessi aðgerð Péturs Óla hafi verið fyllilega innan þeirra marka, sem umboð hans sem framkvæmdastjóra Véla og þjónustu hf. hafi náð til. Auk þessa hafi öðrum hluthöfum í Vélum og þjónustu hf. hlotið að vera kunnugt um málið á þeim tíma, sem það gerðist.

Vélar og þjónusta hf. hafi átt 37% í félaginu Ísbor hf. Réttargæslustefndi, Pétur Óli Pétursson, hafi verið fulltrúi Véla og þjónustu hf. í stjórn þess félags, og hafi dagleg störf hans hjá Vélum og þjónustu hf. oft og tíðum tengst mjög starfsemi Ísbors hf. Skuldabréf það, sem Vélar og þjónusta hf. sé sjálfskuldarábyrgðaraðili að og mál þetta snúist um, sé til komið vegna viðskipta Ísbors hf. við Einar Guðfinnsson hf. vegna Íshúsfélags Bolungarvíkur. Þar sem Ísbor hf. hafi þurft að selja bréfið til að útvega rekstrarfé, hafi félaginu reynst nauðsyn að fá sjálfskuldarábyrgðir á bréfið, og því hafi það þótt eðlilegt, að Vélar og þjónusta hf. sem stór eignaraðili í Ísbor hf. tæki þá sjálfskuldarábyrgð að sér. Réttargæslustefndi, Pétur Óli Pétursson, hafi séð um þetta mál líkt og mörg önnur sambærileg í samskiptum Véla og þjónustu hf. við Ísbor hf.

Þessi aðgerð réttargæslustefnda hafi verið fullkomlega í samræmi við önnur störf, er hann hafi haft á hendi fyrir hönd Véla og þjónustu hf. sem

framkvæmdastjóri þess félags og geti á engan hátt skoðast sem heimildarlaus athöfn af hans hálfu.

Af ofangreindum ástæðum séu ítrekuð mótmæli við öllu því, sem fram komi í greinargerð stefnda Véla og þjónustu hf. um þátt Péturs Óla í málinu.

Niðurstöður.

Deilt er um það í máli þessu, hvort réttargæslustefndi hafi haft umboð til þess að binda stefnda Vélar og þjónustu hf. með sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu á skuldabréf það, sem stefnt er til greiðslu á. Skuldabréfið er út gefið 1. mars 1990. Í hinum prentaða texta skjalsins er getið um einn sjálfskuldarábyrgðaraðila, Baldur hf., Bolungarvík, en þrír aðilar undirrita það sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar. Auk Baldurs hf. eru það stefndi Vélar og þjónusta hf. og Ísbor hf. Ber bréfið ekki annað með sér en sjálfskuldarábyrgð stefnda Véla og þjónustu hf. hafi verið gefin á sama tíma og bréfið er út gefið. Bréfið er til handhafa og út gefið af Íshúsfélagi Bolungarvíkur. F. h. sjálfskuldarábyrgðaraðilanna Ísbors hf. og Véla og þjónustu hf. ritar Pétur Óli Pétursson pr. pr., þ. e. samkvæmt prókúruumboði. Óumdeilt er, að á þeim tíma, er bréfið er út gefið, var Pétur Óli Pétursson, réttargæslustefndi, framkvæmdastjóri stefnda Véla og þjónustu hf. og hafði prókúruumboð. Einnig er ljóst, að Vélar og þjónusta hf. áttu hlut í Ísbor hf. og að Pétur Óli Pétursson var í stjórn þess félags og annar stjórnarmaður stefnda að auki samkvæmt tilkynningu til Hlutfélagaskrár, dagsettri 29. nóvember 1989. Einn stofnenda Ísbors hf. eru Vélar og þjónusta hf. Hins vegar er deilt um það, hversu stóran hlut Vélar og þjónusta hf. áttu í Ísbor hf. Bú Ísbors hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. Er því haldið fram af hálfu stefnda Véla og þjónustu hf., að Pétur Óli Pétursson hafi hvorki haft prókúruumboð fyrir Ísbor hf. né verið framkvæmdastjóri þess félags.

Stofnfundur stefnda Véla og þjónustu hf. var haldinn 13. desember 1975, og var stofnsamningur staðfestur á fundinum. Í 2. gr. hans segir: „Tilgangur félagsins er að annast innflutning ásamt umboðssölu á notuðum vélum og tækjum, einnig rekstur vinnuvéla og verkstæðisrekstur.“ Er félagið hafði verið stofnað, ákvað fundurinn að ráða Pétur Óla Pétursson framkvæmdastjóra félagsins, „en ásamt honum hafa Bjarni Sighvatsson og Karl Sighvatsson prókúruumboð“, segir loks í fundargerð. Þetta orðalag verður að skilja svo, að ætlunin sé, að hver fyrir sig af þessum þremur mönnum hafi prókúru fyrir félagið. Félagið var tilkynnt 19. desember 1975 til Hlutfélagaskrár. Að því er varðar, hverjir skuldbindi félagið með undirskrift sinni, er sagt, að tveir stjórnarmenn riti saman firmað, og því lýst, hvernig undir-

skriftum er hagað. Samþykktir eru sagðar dagsettar 13. desember 1975. Hinn 29. desember 1985 eru nýjar samþykktir gerðar fyrir félagið og þær tilkynntar til Hlutfélagaskrár. Þar er tilgangur greindur hinn sami og áður að viðbættu eftirfarandi: „Enn fremur rekstur fasteigna og lánastarfsemi.“ Í 16. gr. samþykktanna segir m. a.: „Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift tveggja stjórnarmanna skuldbindur félagið.“ Þá er fjallað um framkvæmdastjóra í 18. gr. samþykktanna, og er hún svohljóðandi: „Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum, sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ræður og rekur starfsmenn. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins, sem þeir kunna að óska.“ Samkvæmt tilkynningu til Hlutfélagaskrár er samkvæmt fundi í félaginu 23. júlí 1991 framkvæmdastjóri Gunnar Gunnarsson. Verður að ætla, að Pétur Óli Pétursson hafi verið framkvæmdastjóri til þess tíma.

Í máli þessu, sem varðar greiðslu skuldabréfs, byggir stefnandi ekki á XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Lögmaður stefnanda hefur í munnlegum málflutningi haldið því fram, að skuldabréf það, sem hér er deilt um, sé til komið vegna uppgjors fjármögnunarleigusamnings, er Ísbor hf. hafi gert við Lind hf. um leigu á þremur bifreiðum 8. apríl 1987. Telur stefnandi, að tryggingarvixill, sem lagður hefur verið fram í ljósriti, að fjárhæð 1.510.000 kr., hafi verið út gefinn af stefnda Vélum og þjónustu hf., en samþykktur af Ísbor hf. vegna þess samnings. Fyrir hönd beggja félaganna ritar Pétur Óli Pétursson á vixilinn. Af hálfu stefnda er þessari skýringu á tilkomu skuldabréfsins algerlega hafnað, og þar sem frekari sönnur hafa ekki verið færðar á þessi ætluðu tengsl og bréfið sjálft ber þau ekki með sér, verður ekki við þau miðað. Af hálfu réttargæslustefnda er skuldabréfið sagt til komið vegna viðskipta Ísbors hf. við Einar Guðfinnsson hf. vegna Íshúsfélags Bolungarvíkur. Heldur hann því fram, að þar sem Ísbor hf. hafi þurft að selja bréfið til að útvega rekstrarfé, hafi félaginu reynst nauðsynlegt að fá sjálfskuldarábyrgðir á bréfið, og því hafi þótt eðlilegt, að Vélar og þjónusta hf. sem stór eignaraðili í Ísbor hf. tæki þá sjálfskuldarábyrgð að sér. Kveðst réttargæslustefndi Pétur Óli Pétursson hafa séð um þetta mál líkt og mörg önnur sambærileg í samskiptum Véla og þjónustu hf. við Ísbor hf. Þessari málavaxtalýsingu er ekki sérstaklega mótmælt af hálfu stefnda Véla og þjónustu hf., en málatilbúnaði réttargæslustefnda er mótmælt sem og sérstaklega þeirri fullyrðingu, sem lýtur að starfssviði hans.

Firma er samkvæmt 8. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, það nafn, sem notað er fyrir tiltekna atvinnu og undirskrift fyrir hana. Svo sem að framan hefur verið rakið, þurfti tvo stjórnarmenn til þess að rita firma stefnda Véla og þjónustu hf. og til að skuldbinda félagið. Skylt er að tilkynna til Hlutfélagaskrár, hverjum sé heimilt að rita firmað, sbr. 19. gr., 9. tl., sömu laga. Firmahafi getur hins vegar samkvæmt 25. gr. sömu laga veitt öðrum aðila umboð til þess að annast fyrir sína hönd „allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað“, og er það prókúra. Prókúruumboðið er takmarkað af framangreindu lagaákvæði, og sérstaklega er þar tekið fram, að það taki ekki til heimildar til að selja eða veðsetja fasteignir umbjóðanda. Prókúruhafa ber að einkenna undirskrift sína svo, að sjá meg, að ritað er samkvæmt prókúruumboði. Enn fremur má binda prókúru því skilyrði, að fleiri en einn riti hana. Aðrar takmarkanir auk þeirra, sem að framan greinir, verða ekki gerðar, svo að gilt sé, gagnvart grandlausum viðsejanda.

Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið, geta þeir, sem rita firmað, falið ákveðnum aðila, prókúruhafa, umboð til að skuldbinda félagið, sbr. 25. gr. laga nr. 42/1903. Hvort ritun sjálfskuldarábyrgðar á skuldabréf samkvæmt prókúruumboði er skuldbindandi fyrir prókúrugjafann, þykir hins vegar fara eftir aðdraganda þess, að ábyrgðin er veitt og/eða í hvaða tilgangi gengið er í slíka ábyrgð, þ. e. a. s., hvort aðgerðin fellur innan eðlilegs starfssviðs hlutaðeigandi og samræmist tilgangi viðkomandi félags.

Af hálfu stefnda Véla og þjónustu hf. er því hafnað, að sjálfskuldarábyrgð þessi hafi snert rekstur félagsins. Því er haldið fram, að engin verðmæti hafi komið á móti í þágu félagsins og að stjórn félagsins hafi með öllu verið ókunnugt um þessa skuldbindingu, þar til krafa barst um greiðslu bréfsins. Prókúruhafa hafi ekki verið veitt sérstakt umboð til þess að gangast undir sjálfskuldarábyrgðina fyrir hönd félagsins, og það hafi ekki verið á starfssviði framkvæmdastjóra félagsins að undirgangast slíka ábyrgð.

Skuldabréfið, sem liggur fyrir réttinum í frumriti, ber ekki með sér nein tengsl við rekstur stefnda Véla og þjónustu hf., og stefnandi hefur ekki sannað slík tengsl. Bréfið ber ekki heldur með sér, að undirritunin sé í þágu Ísbors hf.; það er gefið út til handhafa, og Ísbor hf. er annar sjálfskuldarábyrgðaraðili. Þykir fullyrðing um slík tengsl ekki vera sönnuð af stefnanda. Jafnvel þótt svo væri, að sjálfskuldarábyrgðin hefði verið veitt í þágu Ísbors hf., myndu aðgerðir í þágu þess félags ekki rúmast innan heimilda prókúruhafa Véla og þjónustu hf. í skilningi 25. gr. laga nr. 42/1903. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að framkvæmdastjóri Véla og þjónustu hf., Pétur Óli Pétursson, hafi haft umboð stjórnar umfram það, sem segir í samþykkt-

um félagsins, eða hafi í starfi sínu almennt komið fram á þann hátt, að það vekti tiltrú stefnanda á, að umboð hans væri víðara en lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að umdeild ábyrgðarskuldbinding hafi tengst rekstri stefnda Véla og þjónustu hf., verður að fallast á þá fullyrðingu hans, að Pétur Óla Pétursson hafi skort umboð til að skuldbinda félagið með þessum hætti. Af sömu ástæðum þykir stefnandi ekki hafa haft ástæðu til að ætla, að hann hefði slíkt umboð.

Með vísan til framanritaðra raka skal stefndi Vélar og þjónusta hf. vera sýkn af kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnda þrotabús Einars Guðfinnssonar hf. vegna Íshúsfélags Bolungarvíkur og Baldurs hf. hefur ekki verið sótt þing eftir endurupptöku málsins, en hann hefur verið löglega boðaður til þings. Verður því, að því er þennan stefnda varðar, að dæma málið samkvæmt 96. gr. laga nr. 91/1991 eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti með vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Stefndi þrotabú Einars Guðfinnssonar hf. vegna Íshúsfélags Bolungarvíkur og Baldurs hf. greiði stefnanda í málskostnað alls 100.000 kr.

Stefnandi greiði stefnda Vélum og þjónustu hf. alls 160.000 kr. í málskostnað.

Réttargæslustefndi Pétur Óli Pétursson beri sjálfur sinn málskostnað.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi Vélar og þjónusta hf. skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Landsbanka Íslands.

Stefnandi greiði stefnda Vélum og þjónustu hf. 160.000 kr. í málskostnað.

Stefndi þrotabú Einars Guðfinnssonar hf. vegna Íshúsfélags Bolungarvíkur og Baldurs hf. greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, 779.234,50 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1990 til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað, allt að frádregnum 100.000 kr., sem greiddar voru 15. maí 1992, og 100.000 kr., sem greiddar voru 21. maí 1992.

Málskostnaður til handa réttargæslustefnda Péttri Óla Péturssyni fellur niður.